



Könnun á meðal kennara Menntaskólans á Egilsstöðum.

Viðhorf kennara til fjarkennslu og líðan þeirra. Hugmyndir sem nýst geta við þróun fjarkennslu við skólann.



Maí 2009

Starfshópur um innra mat við Menntaskólann á Egilsstöðum:

Arnar Sigbjörnsson

Guðmundur P. Tulinius

Jón Ingi Sigurbjörnsson

Jóney Jónsdóttir

Sigrún Blöndal

Sigrún Hrafnadóttir

Inngangur


Í desember 2008 var könnun um fjarkennslu lögð fyrir kennara í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Á haustönn 2007 var ákvæði um að allir kennarar skólans ættu að vera fjarkennarar sett í stefnu skólans. Kennarar fengu kynningu á kennsluvefnum MOODLE sem notaður er til kennslu fjarnema og launahækkun samhliða notkun þeirra á vefnum. Ástæða þótti til að kanna viðhorf kennaranna til fjarkennslunnar og líðan þeirra auk þess að kalla fram hugmyndir sem nýst geta við þróun fjarkennslu við skólann.

Kennarar svöruðu könnuninni í tölvum. Af 33 kennurum við skólann eru 29 kennarar sem hafa einhvern tíma fjarkennt frá því á haustönn 2007. Einn taldi sig ekki hæfan til þátttöku. Alls svöruðu 25 kennarar eða 89%.


Könnunin var unnin og lögð fyrir af starfshópi innra mats. Í honum störfuðu Arnar Sigbjörnsson, Guðmundur Þ. Tulinius, Jón Ingi Sigurbjörnsson, Jóney Jónsdóttir, Sigrún Blöndal og Sigrún Hrafnisdóttir.

Athugasemd kom frá einum kennara um að ekki væri vikið að fjarfundabúnaði og kennslu í gegnum hann í könnuninni. Hópurinn telur athugasemdina réttmæta. Betur hefði farið á ef könnunin hefði tekið á þeim þætti fjarkennslu. Einnig hefði verið æskilegt að kanna sérstaklega þann hóp fjarkennara sem eingöngu fjarkennir áfanga. Sumir áfangar eru kenndir án hefðbundinna kennslustunda en kennarar fá greitt fyrir þá eins og svo væri, þ.e.a.s. sem hluta af stöðu. Starfið bætist því ekki ofan á dagskólakennslu kennarans. Þetta skekkir niðurstöður varðandi umfang fjarkennslunnar og fjölda nemenda.


Niðurstöður könnunar




Sjö kennarar eru með 1-5 nemendur, sex með 6-10, þrír með 11-15 nemendur, einn með 16-20 nemendur og einn með 21-25 nemendur. Tveir kennarar kenna 26-30 nemendum og tveir kennarar 32 nemendum.




Átta kennarar eru með fjarnemendur í tveimur áföngum og sex með fjarnemendur í einum áfanga. Einn kennari kennir þrjá áfanga í fjarkennslu, þrír fjóra og einn kennari kennir fimm áfanga. Fjórir kennarar fjarkenna ekki á þessari önn.




20% kennara verja 0-2 klst. á viku í vinnu við fjarkennsluna, 40% 2-5 klst., 28% 5-8 klst., 4% 8-11 klst. og 8% kennara verja 14 klst. eða fleiri í þessa vinnu.





Í fjarkennslu nota kennarar mest til samskipta við nemendur almennan tölvupóst, 91,2% mjög mikið eða mikið, og kennsluvefinn MOODLE, 92% mjög mikið eða mikið. Lítið eða ekkert nota þeir bréfsíma, landpóst og síma og viðtalstíma frekar lítið. Nokkrir merktu við annað og sögðust þeir nota stoðtíma og tveir fjarfundaver. Einn kennari nefndi að pósthótt vantaði í MOODLE.




Kennurum gengur vel eða nokkuð vel að nota MOODLE og þá möguleika MOODLE sem þeir hafa prófað. Vel eða nokkuð vel gengur að setja inn efni, koma upplýsingum á framfæri, setja inn skilaverkefni, próf, ítarefni af neti og að nota skilaboðakerfi og dagatal. Meirihluti kennara hefur ekki notað talglærur, hlustunaræfingar, fyrirlestra, umræður, einkunnabók, blogg og spjall. Einn kennari nefndi að dagatal og skilaboðakerfi væri slæmt á MOODLE og hefði verið betra í WebCT.







Meirihluti kennara telur greiðslur fyrir fjarkennslu vera hæfilegar en 43,5% telja þær of litlar.




96% kennara finnst samskipti við fjarnámsstjóra vera mjög góð eða góð og 92% hafa fengið mjög gagnlegar eða nokkuð gagnlegar leiðbeiningar frá honum.






76% kennara segja vinnureglur fjarnáms gagnast vel eða mjög vel. Allir kennarar hafa alltaf eða oftast skýr tímamörk á verkefnum og prófum og svara alltaf eða oftast spurningum nemenda innan tveggja virkra daga. 68% þeirra hafa alltaf eða oftast reglulega samband við nemendur og rúmlega helmingur tilkynnir alltaf eða oftast langvarandi óvirkni til fjarnámsstjóra. 92% senda alltaf eða oftast viðbrögð við verkefnum/ritgerðum innan eðlilegra tímamarka.



68,6% kennara segjast ekki hafa undirbúið sig sérstaklega vegna fjarkennslunnar. Undirbúningur kennara hefur falist í að leita til samstarfsfólks (100%), þiggja aðstoð fjarnámsstjóra (91,7%) og sækja stuðningstíma fjarnámsstjóra (83,3%). 79,2% hafa nýtt sér þekkingu sína í kennslufræði.



Kennarar telja mjög mikilvægt eða mikilvægt að skólinn leggi áherslu á eftirfarandi þætti til að bæta fjarkennslu við skólann: Kynna fjarkennslufræði 100%, skapa aðstæður fyrir reglulega vinnufundi í MOODLE 91,7%, veita kennurum svigrúm til að ræða reglulega við samkennara sína á formlegum vettvangi 91,7%, meiri undirbúningstíma 87,5%, námskeið í fjarkennslufræði 87,5%, fá álit fjarnemenda í lok annar 86,9%, útbúa handbók 82,6%, meiri aðstoð við uppsetningu MOODLE 78,2%, veita aðgang að námsefni sem hentar vel til fjarkennslu 66,7% og vettvangsheimsóknir 66,7%.

Fjórir kennarar merktu við annað í þessari spurningu og voru svörin eftirfarandi.

Við höfum öll aðgang að gagnvirku efni. Held að það sé mikilvægt að allir kennarar læri að nýta sér möguleika Moodle. Þá held ég að það sé líka mikilvægt að hafa fjarkennsluáfangana dýrari, þannig að nemendur nýti þá betur en telji ekki að þetta sé bara djók.


Hef ekki hundsvit á þessu.

Vera meira í sambandi við kennara, ræða gildi fjarkennslunnar fyrir skólann og menntun á svæðinu. Gefa kennurunum endurgjöf, hrósa þegar vel gengur og sýna þessari kennslu meiri áhuga.


Fá ráðgjöf um námsmat fjarnáms.




Meirihluti kennara (79,2%) er sammála um að fjarkennsla gefi skólanum mikil tækifæri.



56% kennara finnst samskipti sín við fjarnemendur vera nokkuð góð, 32% góð og 12% segja þau vera hvorki góð né slæm. Enginn merkir við frekar slæm eða mjög slæm.



Rétt rúmlega helmingur kennaranna er sáttur við stefnu skólans að allir kennarar eigi að vera fjarkennarar; 36% merkja við hvorki né og 12% eru ósátt.



60% kennara líður mjög vel eða nokkuð vel sem fjarkennara, 4% frekar illa og 36% hvorki vel né illa.

Þegar beðið var um gagnlegar ábendingar varðandi fjarkennsluna lögðu nokkrir kennarar til málanna. Ábendingar þeirra eru svohljóðandi:

Það þarf meira aðhald að fjarnemum. Tel að fjarkennsluáfangarnir ættu að vera dýrari og að nemendur ættu að fá hluta gjaldsins endurgreiddan ef þeir skila sér í próf - eða jafnvel ná prófinu.

Mín persónulega skoðun er, að sum fög henti engan veginn til fjarkennslu. Ég tel einnig að fjarkennsla henti NÆSTUM eingöngu eldri og skipulagðari nemendum og eltingarleikur við nema í rafrænu formi sé ekkert ásættanlegri en "live" eltingarleikur.

Stefna skólans varðandi fjarkennslu er góð, en kannski hefði mátt starta henni öðruvísi - í meira samráði við kennara og mennta þá í fjarkennslufræðum áður en öllu var hrint í framkvæmd.

Gríðarlega mikilvægt að undirbúa kennara fyrir fjarkennslu, og þá ekki einungis í Moodle. Hver og einn er svamlandi um í djúpu lauginni í von um að ná landi og okkur var í raun kastað í laugina. Auðvitað björgum við okkur því við erum best en undirbúningur auðveldar sunnið og þeir sem kunna sundtökin eru glaðari í djúpu lauginni og án efa verða nemendurnir líka ánægðari. Margt væri auðveldara og skilvirkara ef t.d. yrði sett upp námskeið í fjarkennslufræðum. Það myndi skila sér fljótt til nemendanna.

Mikill tími sem fer í yfirferð verkefna og í að sinna einstaklingsbundið fyrirspurnum frá nemendum, og ábendingum til þeirra. Stundum biðja þeir um upplýsingar (með e.mail) sem tekur vissulega alltaf talsverðan tíma að svara. Fjarkennsla er vissulega aukaáreiti sem bætist við margvíslega vinnu við dagskóla, og hefur mér stundum fundist dálítið erfitt að vera alltaf með puttann á því líka.

Það er svo sem ekki gott er einhverjir kennarar eru neikvæðir út í fjarkennslu og er gert að fjarkenna. Hættan er sú að þeir komi slæmu orði á fjarkennslu í skólanum og einnig almennt séð. Ég vildi gjarnan þróa moodle tækni mína, vita hvort eru fleiri leiðir en ég nota við mína kennslu. Mér finnst lélegt að ekki sé hægt að setja inn stærri glærur, það er glærur með tali.

Hefði ekki gengið vel nema fyrir það hversu jákvæður og leiðbeinandi umsjónarmaður fjarkennslu er

Taka upp kennslu og hafa aðgengilega í straumi. Af hverju er ekkert vikið að fjarfundabúnaði í könnuninni?

Væri þægilegt að fá betri kennslu á moodle kerfið og það ætti helst að hafa verið í upphafi annarinnar og ná þá yfir allt sem tengist moodle (hvernig á að setja inn leiðbeiningar f vikuna, próf, verkefni, einkunnabók osfrv). Það var rosalega óþægilegt í byrjun að þurfa að fíkta sig áfram við allt í sambandi við moodle þar sem ég hafði aldrei unnið með þetta forrit áður. Ég fékk þó aðstoð frá fjarkennslustjóra þegar ég leitaði hennar en oft veit maður ekki hverju maður á að spyrja að vegna þess einfaldlega að maður kann ekkert á þetta. Hvernig á maður að spyrja um eitthvað sem maður veit ekkert um og hefur jafn vel ekki hugmynd

Samantekt

Rúmlega helmingur kennara er sáttur við þá stefnu skólans að allir kennarar eigi að vera fjarkennarar. Þó merkja 48% við valkostina hvorki né og ósátt/ur.

Meirihlutinn telur greiðslur fyrir fjarkennsluna vera hæfilegar en 43,5% of litlar.

Einnig er meirihluti kennara sammála um að fjarkennsla gefi skólanum mikil tækifæri.

Kennarar eru ánægðir með samskipti sín við fjarnámsstjórnann og þær leiðbeiningar sem hann gefur og honum var hrósað sérstaklega í athugasemdum. Kennarar fylgja oftast eða alltaf vinnureglum ME fyrir fjarkennara.

Athyglisvert er hversu marga nemendur sumir kennarar hafa í fjarnámi og hversu marga áfanga þeir fjarkenna. Nokkrir áfangar eru eingöngu fjarkenndir. Það hefur áhrif á niðurstöður liða sem varða klukkustundir sem kennarar verja í fjarkennslu og hversu mörgum fjarnemendum þeir kenna.

Kennarar eiga góð samskipti við nemendur sína og mikill meirihluti segir þau samskipti nokkuð góð eða góð.

Í könnuninni kemur í ljós að kennurum gengur vel að nota MOODLE og þá möguleika MOODLE sem þeir hafa prófað en þeir halda sig við ákveðna þætti sem þeir kunna á. Ákveðið óöryggi kemur fram um notkun vefjarins og nefnt er að mikilvægt sé að allir kennarar læri að nýta sér möguleika og hinar ýmsu leiðir MOODLE.

60% kennara líður mjög vel eða vel sem fjarkennara, aðrir merkja við hvorki né og frekar illa.

Kennarar eru almennt þeirrar skoðunar að skólinn geti lagt áherslu á ýmsa þætti til að bæta fjarkennslu við skólann. Mikill meirihluti merkti við mjög mikilvægt eða mikilvægt við alla þætti sem gefnir voru upp.

Í könnuninni endurspeglast vanlíðan kennara í óöryggi gagnvart fjarkennslu. Kennararnir setja fram fullyrðingar varðandi skort á ráðgjöf um námsmat fjarnáms, skort á undirbúningi kennara fyrir fjarkennslu og að þeir hafi ekki nógu mikla þekkingu og viti jafnvel ekki um hvað þeir eigi að spyrja.

Einnig nefna kennarar að stefnubreyting skólans varðandi fjarkennslu hefði ekki verið gerð í samráði við kennara og þeir ekki nægilega vel undirbúnir. Sérstaklega finnst kennurum þeir þurfa á kennslu í fjarkennslufræðum að halda. Varðandi undirbúning fyrir fjarkennslu kemur fram að allir hafa leitað til samkennara sinna. Svo virðist sem hópurnir þreifi sig áfram í sameiningu bæði hvað varðar MOODLE og kennsluna sjálfa.